



SAMPYKKT ÁLYKTUN VEGNA SKÓLASTEFNU KÍ

Sjötti aðalfundur Félags grunnskólakennara haldinn 8. -9. maí 2014 tekur heilshugar undir skólastefnu KÍ sem samþykkt var á 6. þingi KÍ 1.-4. apríl 2014.

Fundurinn leggur sérstaka áherslu eftirtalda þætti:

- Mjög áriðandi er að gera kennarastarfið aðlaðandi og eftirsóknarvert.
- Starfsþjálfun kennaranema og náms- og starfsráðgjafanema á vettvangi á að vera veigamikill og lögbundinn hluti menntunar þeirra.
- Tryggja þarf betur og auka fjárveitingar til símenntunar félagsmanna.
- Réttur til reglubundinna náms- og rannsóknarleyfa verði skýlaus og fjármunir stórauknir til þeirra.

Kennurum, náms- og starfsráðgjöfum sé gert kleift að stunda framhaldsnám á launum samhliða starfi og aðgangur að slíku námi á háskólastigi verði tryggður.

- Vinnuaðstaða og aðbúnaður skal vera fullnægjandi miðað við þarfir allra sem í skólanum starfa. Tryggja þarf nægilegt fjármagn til kaupa á kennslu- og námsgögnum og viðeigandi tækjabúnaði.